



Spoex
Samtök psoriasis- og exemsjúklinga
Bolholti 6, 105 Reykjavík
Sími skrifstofu: 588-9666
Sími göngudeildar: 588-9260
Tölvupóstur: spoex@psoriasis.is

Saga psoriasis

Saga sú sem hér er sögð af sjúkdómnum psoriasis birtist upphaflega í jólablaði bandarísku samtakanna árið 1991. Ekki var getið höfundar, en sama grein hefur síðan birst í blöðum psoriasis samtaka í Bretlandi og Frakklandi. Sagan er þessi:

Forsagan

Fyrstu frásagnir af sjúkdómi, sem við nú vitum að var psoriasis, koma fyrir í grískri goðafræði fyrir u.þ.b. 2.600 árum. Þar var hann talinn merkja vanþóknun guðanna. Það var svo ekki fyrr en nokkrum öldum síðar að rómverskur vísindamaður, Aurelius Celsus að nafni, greindi sjúkdóminn sem slíkan og gaf honum heitið "impeto" sem er latneska orðið yfir "árás."

Í sjálfri biblíunni er einnig vikið að psoriasis sem að vísu er þar ranglega talinn til holdsveiki. Öldum saman voru psoriasissjúkir útskúfaðir úr mannlegu samfélagi, taldir óhreinir og iðulega gert að hringja bjöllum til að vara aðra við nálægð þeirra og þeim gert að flakka eins og heimilislausir bettlarar. Ásýnd þeirra ein og sér var talin boða eitthvað illt og óhreint. Sumir hlutu jafnvel sömu örlög og holdsveikir, og eru dæmi þess frá 14. öld að þeir voru brenndir á báli. Á miðöldum var talið að allir húðsjúkdómar væru holdsveiki. Þannig stóðu mál þar til fram undir 1700 er farið var að aðgreina psoriasis frá öðrum húðsjúkdómum.

Psoriasis var fyrst viðurkenndur sem sérstakur, klíniskur sjúkdómur árið 1808. Að því stóð enskur læknir að nafni Robert Willan og nefndi hann sjúkdóminn fyrst "lepra" sem dregið er af grísku orðunum "lopos" (yfirhúð) og "lepo" (að hreistra). Árið 1840 endurskírði hann sjúkdóminn og nefndi psoriasis - en það heiti er dregið af gríska orðinu "psora" sem merkir "kláði." Af þessu er ljóst að sjúkdómurinn var misskilinn ef svo má segja í meira en 2.000 ár áður en hann var loks greindur sem slíkur og honum gefið það heiti sem við þekkjum í dag.

Hinar ýmsu kenningar

Á 19. öldinni komu fjölmargir læknar fram með hinar ýmsu kenningar. Einn þeirra vakti sérstaka athygli vísindamanna víða um heim. Það var Heinrich Koebner. Í fyrirlestri sem hann hélt árið 1872 skýrði hann frá því að einn sjúklinga hans hefði fengið slæm psoriasis húðútbrot á þeim stöðum þar sem húðin var særð af völdum flugubits, og einnig þar sem hann hafði skömmu áður verið tattóveraður og þar sem sár hafði myndast við setu á reiðhestum. Koebner var þeirrar skoðunar að það væru ákveðin séreinkenni í psoriasis húð sem héldust óvirk árum saman. Þetta eðli eða einkenni psoriasis húðarinnar leiði til bólgumyndunar þegar hún verður fyrir ertni, utanaðkomandi eða innvortis. Hvað varðar þennan ákveðna sjúkling Koebners þá hélt hann því fram að þar hefði allt í senn, sárið af völdum reiðmenskunnar, flugubitið og tattóveringin, orsakað psoriasis.

Koebner taldi að psoriasis brytist út af völdum einhvers sem gerðist innvortis, en nú álíta vísindamenn að svonefnd Koebner-viðbrögð verði ekki í húðinni nema hún hafi skaddast eða orðið fyrir ertni. Vísindamenn hafa sýnt Koebner-fyrirbærinu mikinn áhuga því ekki er vitað um aðra aðferð til að framkalla psoriasis. Og þar eð ekki er hægt að gera tilraunir með fyrirbærið á dýrum eru öll dæmi sem upp koma um psoriasis af völdum af Koebner-fyrirbærins ákaflega mikilvæg fyrir vísindamenn okkar.

Meðal annara kenninga sem vísindamenn tóku fyrir til rannsókna í lok 19. aldar og á fyrstu árum 20. aldar voru áhrif af sýkingum á psoriasis. En sýkingar voru mjög algengar meðal ungs fólks í byrjun 20. aldarinnar og afleiðingin var venjulega dropapsoriasis. Rannsóknir sem gerðar voru nokkrum árum síðar, upp úr 1930, leiddu í ljós að sjúklingar höfðu haft hálskirtlabólgu áður en húðpsoriasis braust út. Árið 1947 voru birtar niðurstöður rannsókna sem sýndu að 54% af 66 sjúklingum með psoriasis höfðu sýnt jákvæð merki um sýkingar af völdum streptókokka en það eru sýkingafrumur sem valda

hálsbólgu. Á seinni árum hafa einnig komið fram fleiri dæmi um að sýkingar geti flýtt fyrir myndun annarra sjúkdóma í einstaklingum með ákveðnar veilur í genum.

Meðferðir

Frá upphafi hafa menn treyst á mátt sólarinnar og steinkolatjöru til að halda niðri sjúkdómnum og lengi vel voru þetta einu meðferðirnar sem þekktar voru. Á seinni árum hafa nýjar og áhrifaríkari meðferðir verið þróaðar í rannsóknum og tilraunum, þótt menn hafi stöku sinnum villst af rétttri braut í þeim efnum.

Árið 1819 komu t.d. fram meðferðir sem fólust í útvortis notkun kvikasilfurs, hreinsun mengunarefna í líkamanum, takmörkun á notkun örvandi efna eins og í reykingum og áfengum drykkjum, notkun ákveðinna krema og inntöku mildra bólgueyðandi lyfja sem þá þekktust. Á þessum árum þegar svo mörgum spurningum um psoriasis var enn ósvarað þá byggðu læknar á takmarkaðri sérfræðipækkingu sinni við meðferð á sjúkdómnum. Fyrir hundrað árum eða svo mæltu sumir læknar með því við sjúklinga sína að þeir tækju inn arsenik, fosfórsýru eða jafnvel terpentínu! Almenn var sjúklingunum ráðlagt að forðast of mikla vinnu, of mikið og æsandi kynlíf og hvers konar líkamlega ofreynslu og konur voru varaðar við brjóstgjöf. Einnig var mælt með heilsulindarmeðferðum og almennri afslöppun.

Upp úr 1920 var uppgötvaður lækningamáttur ljósameðferða. Það var á þessum 3. áratug aldarinnar að dr. Goeckerman við Mayo-sjúkrahúsið í Rochester, Minnesota, kynnti sérstaka meðferð sem staðist hefur tímans tönn og er enn talin örugg og áhrifarík. Goeckerman-meðferðin felst í notkun steinkoltjöru í formi áburðar eða tjörublöndu sem borin er á blettina einu sinni til þrisvar sinnum á dag. Jafnoft er megnið af tjörunni þurrkað af hörundinu og sjúklingurinn látinn fara í ljós með útfjólubláum geislum. Að því loknu fer sjúklingurinn í bað eða sturtu til að fjarlægja það sem eftir er af tjörunni og til afhreistrunar áður en tjaran er enn á ný borin á skrokkinn. Þetta er endurtekið að meðaltali í hálfu þriðju viku til sex vikur þar til húðin er orðin hrein og sjúklingurinn er útskrifaður af sjúkrahúsinu.

Þrjátíu árum síðar, kringum 1950, var farið að nota stera. Þeir reyndust mjög áhrifaríkir, en gjalda varð varhug við aukaverkunum. Á 7. áratug aldarinnar var farið að bera við að nota lyfið metotrexat, og PUVA og retinoidar bættust við á 8. áratugnum. Á 9. áratugnum kom fram lyfið ciclosporin. Þá varð notkun retinoida einnig almenn og rannsóknir hófust á áhrifamætti vítamíns D3. Nú þegar 21. öld gengur senn í garð eru gerðar tilraunir með fjölmörg önnur lyf og meðferðir sem lofa góðu.

Það hefur valdið nokkrum vonbrigðum að síðastliðin hundrað ár hefur þekking á sjúkdómnum og meðferðum við honum ekki aukist jafn mikið og vonast hafði verið til. Þó hefur þekking okkar á afbrigðilegum frumvexti í psoriasis og lífna-fræðilegum sérkennum vissulega aukist síðustu 30 árin, svo ekki sé minnst á fjölmargar áhrifaríkar meðferðir sem fram hafa komið.